

Áætlun um meðhöndlun úrgangs á Fiskalóni

Hve mikið magn af dauðfiski er endurnýttur og hve mikið er meltur og svo fargað?

Síðastliðið ár féllu til 6 tonn af dauðfiski á Fiskalóni. Sem stendur eru tvær leiðir til að losna við dauðfisk.

- Annars vegar er dauðfiskur sem hreinsaður er upp daglega settur í meltu sem Hreinsitækni hefur farið með til urðunar á Mýrum í Borgarfirði.
- Hins vegar er um að ræða seiði sem flokkuð eru undan og falla til við bólusetningu en Fóðurstöð Suðurlands hefur tekið þau seiði þar sem þau eru nýtt í loðdýrafoður.

Um það bil 1/3 fer til urðunar og 2/3 er nýttur við loðdýrarækt. Aðrar lausnir eru ekki í boði sem stendur á Íslandi eða í nágrannalöndum eins og Noregi. Laxar fiskeldi hafa leitað leiða og eru stöðugt á vakt yfir nýjum leiðum til að losna við dauðfisk og draga þannig úr kostnaði og bæta meðferð úrgangs. Talað hefur verið við Lýsi hf, athugað með að nýta dauðfisk til landgræðslu og rætt hefur verið við Hordafor í Noregi en enn hafa ekki fundist leiðir til að nýta lífrænan úrgang af þessari tegund betur.

Ef um massadauða verður að ræða tekur Skinnfiskur við ferskum dauðfiski en fyrirtækið tekur ekki það sem fellur til við daglega framleiðslu Laxa fiskeldis.

Hvert er árlegt magn af fastefni úr tromlusíum (seyru) sem er safnað?

Allt frárennsli frá stöðinni fer í gegnum fullkominn síubúnað og er safnað saman í lokaðan seyrutank. Frá Fiskalóni hafa farið það sem af er árs um 40 tonn af seyru sem er að mestu leyti vatn erfitt er að áætla hver stór hluti af því eru þurrefni en við reiknum með að þau séu innan við 10%. Seyran er flutt í gas og jarðgerðarstöðina í Álfsnesi. Stefnt er að því að auka endurnýtingu eftir því sem möguleikum á því sviði fjölgar og fyrir lok árs 2023 verður staðan endurmetin en fram að þeim tíma verður áætlun þessi endurskoðuð árlega.

Er einhver hluti endurnýttur í dag eða er allt urðað?

U.þ.b. 2/3 af dauðfiski er nýtt til loðdýrafóðurs og um 1/3 er urðaður. Seyra er flutt til gas og jarðgerðarstöðvarinnar í Álfsnesi.

Hver er áætlun Laxa til að auka endurnýtingu lífræns úrgangs í stað urðunar t.d. næstu 3-5 árin?

Laxar fiskeldi áætla að óbreytt ástand verði þar til önnur úrræði verða í boði hér á landi. Markmiðið er að auka endurnýtingu fyrir árslok 2023.

Kópavogi 09.11.2020

F.h. Laxa Fiskeldis

Kristján Ingimarsson
Gæða og mannauðsstjóri